

SPÆNSKUR LAUGARDAGUR

3. febrúar 2024

11-16 Spánarkynning
13:00 Tango danssýning
13-16 Pronto vínsmökkun
14:00 Spænskur gítarleikur
14-15 Andlitsmálning

GÖTUMARKAÐUR
FJÖRÐUR



Sjá nánar á
facebook viðburði

Fjörður Verslunarmiðstöð | Fjarðargötu 13-15 | fjordur.is

Oftar en ekki opið

Búðakór Opið alla daga frá 08-24:00 Hófgærði Opið: Virka daga 8-23:30, helgar 9-23:30.

Krambúðin

KÓPAVOGS

- P Ó S T U R I N N -

04. tbl. 30. árg. Fimmtudagur 1. febrúar 2024. Kópavogspóstinum er dreift ókeypis inn á heimili í Kópavogi
FRÉTTABLAÐ KÓPAVOGSBÚA FRÁ 1994 BÆJARBLAÐIÐ PITT! VEFSÍÐA: WWW.KGP.IS

KOMINNTÍMA
SKOÐUN?

Verið velkomin með bílinn í skoðun á Dalveg 22

Lyfjaval

Bílaapótek Lyfjaval
Hæðasmára

ÞARFTU
AÐ SELJA?

HRINGDU
Í SÍMA
520-9595

KRAFTUR
- TRAUST
- ÁRANGUR



TORG
fasteignasala



Bæjarlind 14-16
www.errea.is

MEKÓ



MENNING
Í KÓPAVOGI

Litrík Vetrarhátíð í Kópavogi 1.-3. febrúar



Bragi Páll og Bergþóra Snæbjörns fjalla um nýjar bækur sínar á Bókasafni Kópavogs

Forvitnileg og fjöruk dagskrá verður á Vetrarhátíð í Kópavogi, sem fram fer 1. til 3. febrúar, en hátíðin samanstendur af Safnanótt, Sundlaugakvöldi og ljósalist ásamt ótal viðburðum og sýningum þar sem fjöldi listafólks tekur þátt í að skapa rafmagnað andrúmsloft í Kópavogi.

Meðal dagskrárviðburðar er m.a. stjörnuskoðun með Sævari Helga, baráttulúðrar verða í Hljóðbókarsafni, hægt verður að hlusta á miðausturlenska sveiflu í Salnum, boðið verður upp á silent diskó og spádrötningu á bókasafninu, þá býðst gestum sjaldgæft tækifæri til að skoða varðveislurými Gerðarsafns og þá verður Kópavogskirkja lýst upp með ljóslistarverki. (Sjá framhald á bls. 2).

LÆGSTA
VERÐIÐ
Í KÓPAVOGI
ER Á DALVEGI

HAFIÐ
FISKVERSLUN
- Gæðin skipta máli -
Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

Nettó Engihjalla
Opið alla daga 8-24



nettó

30%
AFSLÁTTUR
MEÐ VILDARKORTI
LINDAR

VILDARKORT
LIND
FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



LIND
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimáningu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vídd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsöllum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Unnið við sprengingar í vegstæði Arnarnesvegjar

Framkvæmdir vegna Arnarnesvegjar á áætlun



Framkvæmdir við þriðja áfanga Arnarnesvegjar eru komnar á fullt skrið á nýju ári.

Vinnu við sprengingar vegna breikkunar Breiðholtsbrautar er lokið. Nú er unnið við sprengingar í vegstæði Arnarnesvegjar. Byrjað var til móts við Vatnsendaveg og er unnið til suðurs í áttina að Rjúpnavegi. Verið er að flytja grjótið, sem sprengt var

við Breiðholtsbraut, í fyllingu við nýja brú sem kemur Elliðaárdalsmegin yfir Breiðholtsbraut. Þá er unnið við uppsteypu nýrri landstöpuls brúarinnar og vinna við undirstöður syðri landstöpulsins er hafin.

Einnig er unnið við nýja stofnæð hitaveitu sem lögð verður norðan Breiðholtsbrautar frá Suðurfelli til austurs að Elliðaám.

Myndir: Vegagerðin



FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA

 Frímann 897 2468	 Hálfán 898 5765	 Ólöf 898 3075	 Kristín 699 0512
--	---	---	--

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



Forvitnileg og fjörug dagskrá

Eins og segir á forsiðu verður forvitnileg og fjörug dagskrá verður á Vetrahátíð í Kópavogi.

Sviðsmyndir fyrir Kópavogskirkju
Líkt og undanfarin ár verður Kópavogskirkja lýst upp með nýju ljóslistaverki á Vetrahátíð. Í ár var myndlistarmaðurinn Eygló Harðardóttir fengin til að gera verk í samtali við form Kópavogskirkju og kirkjuggla Gerðar Helgadóttur.

Eygló Harðardóttir er í framvarðarsveit íslenskra myndlistarmanna en hún hlaut Íslensku myndlistarverðlaunin árið 2019. Nýtt verk Eyglóar, Sviðsmyndir, er vídeóverk sem leggst eins og gegnsæ himna á Kópavogskirkju. Það er byggt upp af fimm sviðsmyndum sem voru lýstar upp og kvikmyndaðar.

Verkinu verður varpað á kirkjuna föstudags- og laugardagskvöldið 2. og 3. febrúar, frá 18:30 – 24:00, bæði kvöldin.

Miðausturlensk sveifla í Salnum á Safnanótt

Líbanska söngkonan Fairuz er dýrkuð og dáð víða um heim og hefur hrifið hjörtu margra kynslóða í Miðausturlöndum með ljóðrænum textum og tímalausum melódium.

Á Safnanótt, 2. febrúar klukkan 20, fara fram tónleikar í Salnum í Kópavogi þar sem hrfandi tónlist Fairuz hljómar í flutningi einvala hóps tónlistarfólks og gestasöngvara en hljómsveitina skipa Thabit Lakh, Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir, Alexandra Kjeld, Ásgeir Ásgeirsson, Birgir Bragason, Kristofer Rodriguez Svónuson og Erik Quick. Ókeypís er á tónleikana og öll hjartanlega velkomin á meðan húsrúm leyfir.

Sjaldgæft tækifæri til að skoða varðveislurými Gerðarsafns

Í Gerðarsafni standa yfir sýningar MOLTA, Venjulegar myndir og GERÐUR grunnsýning en ókeypis er á allar sýningar á Safnanótt, 2. febrúar. Boðið verður upp á listamannaleiðsögn um Venjulegar myndir með þeim Haraldi Jónssyni og Joe Keys klukkan 18 á Safnanótt og síðar sama kvöld, klukkan 21:30 mun Cecilie Cedet Gaihede bjóða upp á leiðsögn um safngeymslu Gerðarsafns. Hægt verður að fá innsýn í MOLTU, innsetningu frá 20 – 23 en um er að ræða allumlykjandi og þverfaglega innsetningu Rósu Ómarsdóttur.



Boðið verður upp á tilraunakvöld í Molanum frá 21 – 23 á Safnanótt



Sævar Helgi Bragason býður upp á stjórnskoðun á Safnanótt

Auk þess mun dansinn duna á Bókasafni Kópavogs í Silent diskó frá 19 – 22 og hin óviðjafnanlega Sigga Kling verður á vappi með kristalskúluna frá 21 – 23.

Stjórnskoðun með Sævari Helga

Sævar Helgi Bragason býður upp á stjórnskoðun fyrir alla fjölskylduna klukkan 19 – 20 á Safnanótt en viðburðurinn fer fram við Náttúrufræðistofu Kópavogs, ef veður leyfir.

Fjölskyldan getur einnig sameinast í yndislegu náttúruþingum um Borgarholtið og skilað niðurstöðum inn á Bókasafnið. Dregið verður úr nöfnum þátttakenda að Vetrahátíð lokinni og heppnir þátttakendur fá fallega bókgjöf í verðlaun.

Baráttulúðrar í Hljóðabókasafni

Hljóðabókasafni Íslands verður með lifandi dagskrá og opið hús frá 18 – 22 en á meðal þess sem þar verður boðið upp á er tónlistaratriði með hinni frábæru Lúðrasveit verkalýðsins klukkan 19:30 auk þess sem dansarar úr Klassíska listdansskólanum bjóða upp á nýtt og spennandi dansverk inni í rými safnsins klukkan 20:30.

Y-gallery verður með sýningaropnun klukkan 17 – 19 á Safnanótt, föstudaginn 2. febrúar, en þar sýnir Bjarni Þór Pétursson ný verk.

Í Molanum verður boðið upp á spennandi dagskrá þar sem tónlistarfólk, uppistandarar, dansarar og myndlistarmenn stíga á svið. Dagskráin verður frá 21 – 23.

Fjölmarginnað verður í boði á Vetrahátíð í Kópavogi í ár en dagskrána er hægt að nálgast inni á meko.is.

Elisabet Indra Ragnarsdóttir



Haraldur Jónsson verður með leiðsögn um verk sín á sýningunni, Venjulegir staðir

Silent diskó og spádrötning á Bókasafni

Fjölbreytt dagskrá verður í boði á Bókasafni Kópavogs á Safnanótt. Má þar nefna ljóðatrommugjörnung með þeim Eyrúnu Ósk Jónsdóttur og Akeem Richards kl. 18, notalega síðkvöldstónleika með stór-söngkonunni Margréti Eir kl. 21 og áhugavert spjall með rithöfundunum Bergþóru Snæbjörnsdóttur og Braga Páli Sigurðssyni sem munu fjalla um bækur sínar Duft og Kjöt. Báðar bækurnar komu út í haust og hlutu verðskuldaða athygli.



Lúðrasveit verkalýðsins verður með stuðsveiflu á Hljóðabókasafni Kópavogs


HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is

 Harpa Heimisdóttir 842 0204	 Brynja Gunnarsdóttir 821 2045
---	---



HALLÓ FEBRÚAR!



Stratos Bar Salty Caramel
37g

98
kr/stk
áður
169 kr



Monster Mango Loco
500 ml

269
kr/stk
áður
449 kr



Fanta Orange
Án sykurs
500 ml

299
kr/stk
áður
429 kr



TGIF
Mozzarella, dippers & skins

799
kr/pk



Almondly
4 teg.

999
kr/pk



Carlsberg
0,0%
330 ml

199
kr/stk
áður
249 kr



Goodfellas Deep Pan
Meat Fest & Cheesy

719
kr/stk
áður
899 kr



Haribo
Share the Happy Party Minis
176g

495
kr/pk
áður
669 kr



Stórt Rís
50g

299
kr/stk
áður
499 kr



Nói Lakkrís
Bland í poka - 400g

699
kr/pk
áður
949 kr



Haribo
Hlaup

299
kr/pk



Fulfil
Allart tegundir
55g

369
kr/stk
áður
529 kr

KÓPAVOGS

- P Ó S T U R I N N -

Útgefandi: Kópavogspósturinn ehf.

Netfang: valdimar@kp.is Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson,
Sími: 697 4020. Vefsíða: www.kgp.is Umbrot: Kópavogspósturinn ehf.
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Kópavogspósturinn kemur næst út 8. febrúar

Síðasti skiladagur er föstudaginn 2. febrúar

valdimar@kp.is - Sími 697 4020

Vefsíða Kópavogspóstsins, www.kgp.is

Kópavogspósturinn er á: Facebook, Twitter og Instagram



Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna
Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi
www.bilasprautun.is

☎ 554 2510



Axel Flóvant er söngvaskáld Salarins 3. febrúar

Titillag smáskífunnar Forest Fires með yfir 70 milljónir hlustanir á Spotify

Einstakur hljóðheimur Axels Flóvent hefur heillað hlustendur um allan heim síðan hann kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 2015 með smáskífu sinni Forest Fires en titillag skífunnar er með yfir 70 milljón hlustanir á Spotify.

Lög hans hafa heyrst í fjölda sjónvarpsþátta á borð við Grey's anatomy og Vampire diaries. Íslenskir tónlistarunnendur hafa ekki fengið mörg tækifæri til að upplifa draumkennan hljóðheim Axels á tónleikum en hann hefur mest spilað á meginlandi Evrópu og í Bretlandi á síðustu árum.

Þetta eru frekar persónulegir tónleikar þar sem þú ert að hleypa fólki inn í vinnuferlið þitt – hvernig tilfinning er það?

„Já, ég er mjög spenntur að fá tækifæri til að rýna inn í ferlið meira og fá tækifæri til að tala um það sem ég vinn við á hverjum degi en það verður líka áhugavert að finna leið í frásögninni þar sem það getur verið spennandi fyrir fólk sem hefur minni áhuga á sköpunarferlinu - þetta verður einhver fín lína á milli þess fara meira inn í ferlið og láta tónleikana samt snúast um að spila tónlistina,“ segir Axel.

Hvað er, ef eitthvað, mest krefjandi við að vera tónlistamaður í dag? „Það er kannski helst markaðsetningin. Mér finnst oft að dagar mínir snúast meira um að markaðsetja tónlistina mína heldur en að skapa meira. Ég persónulega væri til í að skapa flest alla daga en núna sér tónlistarmaðurinn um að auglýsa sig á samfélagsmiðlum og að finna áhugaverðar leiðir til að auglýsa sig sem hefur ekki alltaf verið svona mikil ábyrgð fyrir tónlistarmanninn.“

Elska hvað þessi vinna býður upp á margt

Frá sköpun til flutnings, er einhver tímupunktur sem þú stoppar alltaf við,



Axel segir m.a. að það sé engin tenging meira gefandi og tónleikar

eða er mest spennandi, stendur upp úr í ferlinu á einhvern hátt? „Ég elska hvað þessa vinna býður upp á margt en ég held að ég elska mest að vera einn í stúdíóinu mínu að skapa. Það er það sem ég dreymi um á tónleikaferðalögum. Elska tónleikana sjálfa en það er yfirleitt frekar stutt stund og endist ekki lengi og tónleikaferðalögin snúast yfirleitt meira um ferðalögin. En tengingin við aðdáendur er geggjaður rjóni með þessari köku sem það er að fá að skapa og það er engin tenging meira gefandi og tónleikar.“

Skoðar fallegar ljósmyndir, ljóð, málverk og samansafn af fallegri estetík

Hvert sækir þú innblástur? Er það ólíkt eftir samstarfsaðilum? Er það ólíkt eftir listformi, þar sem þú hefur starfað þvert

á miðla/listgreinar? „Fyrst og fremst er það alltaf tónlist. Það verður líklegast alltaf það sem skapar þessa djúpu löngun mína til að semja tónlist. En svo nota ég oft pinterest og skoða þar fallegar ljósmyndir, ljóð, málverk og samansafn af fallegri estetík til að gefa mér hugmyndir fyrir texta, og concept til að vinna með.“

Frumflytur útgefna plötu í heild sinni

Við hverju má fólk búast á tónleikum þann 3. febrúar nk? „Ég ætla frumflytja útgefna plötu í heild sinni (sem kemur út í Júní) ásamt hljómsveit og einnig ætla ég að taka áhorfendur í gegnum það ferli sem ég fór í til að skapa þessa plötu og hvað ég hef lært í ferlinu fyrir næstu plötu,“ segir Alex og nú er bara um að skella sér á tónleikana í Salnum 3. febrúar.

Lionsklúbburinn Muninn færði Boðþingi fjölþjálfna að gjöf

Lionsklúbburinn Muninn Kópavogi afhenti á dögnum hjúkrunarheimilinu í Boðþingi fjölþjálfna að gjöf. Sannarlega fott framlag hjá Lionsfélögum.

Hrafnista Boðþingi í Kópavogi tók til starfa 19. mars 2010 og er heimilið rekið af Sjómannadagsráði. Á heimilinu eru hjúkrunarrymi fyrir 44 íbúa.

Lífsgæðakjarninn í Boðþingi nær yfir bæði húsnæði og þjónustu þar sem fólk gefst kostur á að auka lífsgæði sín og njóta þess að vera til. Áfast við hjúkrunarheimilið í Boðþingi er þjónustumiðstöðin Boðinn sem Kópavogsbær rekur. Samrekstur hjúkrunarheimilisins og þjónustumiðstöðvarinnar gerir það verkum að íbúar á hjúkrunarheimilinu og aldraðir í nágrenninu geta notið alls hins besta sem í boði er í þjónustu við aldraða.

Upplýsingar um fjölþjálfan

Nustep T5XR sitjandi fjölþjálfari (cross trainer). Gefur mjúka og eðlilega hreyfingu, með lágmarksálagi á liði. Góð þol- og



styrktarþjálfun fyrir mjög breiðan hóp notenda. Öruggt og þægilegt sæti með örmum sem auðvelt er að lyfta frá. Öryggisbelti. Sæti er hægt að snúa 360° og renna fram og aftur og er það í hjólastólahæð. Hægt að halla baki um 12°. Auðvelt aðgengi er inn í tækið. Fótpedalar með öruggum festingum fyrir fætur, þeir eru með stillanlegt ökklahorn og hægt að

hafa pedala hreyfanlega. Skjár er einfaldur og auðvelt að lesa af honum, er með 13 þjálfunarþrógrömmum. Einfalt að stilla arma (lengd) og einnig snúningi á gripi (40°). Hentar einstaklingum frá 137 - 200 cm háum og allt að 270 kg. Þjálfunarálag 0-1400 Wótt. Mælir hjartslátt með því að tengjast Polar hjartsláttarmæli.

Facebook.com/Kopavogsposturinn
Twitter.com/Kopavogspostur
Instagram.com/Kopavogsposturinn

The logo consists of the letters 'NA' in a white, bold, sans-serif font, centered within a blue square.

NORÐURÁL

SUMARSTÖRF HJÁ NORÐURÁLI

GERUM HEIMINN LÉTTARI

Við leitum að duglegu og metnaðarfullu fólki í fjölbreytt og vel launuð sumarstörf. Norðurál leggur áherslu á heilsusamlegt, öruggt og ánægjulegt starfsumhverfi í nágrenni Reykjavíkur og býður upp á ferðir til og frá vinnu. **Velkomin í hópinn!**

Nánari upplýsingar á nordural.is

Stóraukið framboð húsnæðis og hjúkrunarrýma í Kópavogi sem svar við brýnni þörf

Gert er ráð fyrir 5.000 íbúðum í nýjum lífsgæðakjarna og 1.200 hjúkrunarrýmum á jörðinni Gunnarshólma í Kópavogi

Bæjarráð Kópavogs samþykkti sl. fimmtudag að senda áfram til samþykktar bæjarstjórnar drög að viljayfirlýsingu við Aflvaka Þróunarfélag um uppbyggingu 5.000 íbúða lífsgæðakjarna á jörðinni Gunnarshólma sem liggur norðan við Suðurlandsveg, skammt austan við Hólmsheiði og Rauðavatn. Þá er einnig gert ráð fyrir allt að 1.200 hjúkrunarrýmum á svæðinu þegar það er fullbyggt.

Um er að ræða jörð sem er í eigu Aflvaka Þróunarfélags og innan bæjarmarka Kópavogs, en bærinn á einnig sjálfur mikið land á umræddu svæði. Svæðið er utan núverandi vaxtamarka höfuðborgarsvæðisins en farið verður í viðræður við nágranna-sveitarfélögin um breytingu á þeim. Viljayfirlýsingin verður tekin fyrir á næsta fundi bæjarstjórnar Kópavogs, 13. febrúar næstkomandi.

Fyrirhugað uppbyggingarsvæði fellur sem áður segir utan núverandi vaxtamarka höfuðborgarsvæðisins og kallar á breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Grundvallarforsenda þess að ráðist verði í uppbyggingu er að vatnsvernd sé í engu ógnað.

Þá er gert ráð fyrir að heilbrigðis- og öldrunarþjónustan sem byggð verður upp á svæðinu mun þjóna höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu.

Kópavogspósturinn heyrði í Ásdís Kristjánsdóttur bæjarstjóra og spurði hana nánar um verkefnið.

Það þarf stórátak í uppbyggingu á húsnæði og þjónustu fyrir fólk á efri árum

Hvernig sérðu fyrir þér hver áhrifin gætu orðið á þá heilbrigðis- og öldrunarþjónustu sem nú er í boði og þá þörf sem er framundan? „Á næstu 15 árum mun 65 ára og eldri fjölga um 70% og 80 ára og eldri tvöfaldast. Öllum er ljóst að það þarf stórátak í uppbyggingu á húsnæði og þjónustu fyrir fólk á efri árum. Þessi fjölgun felur í sér áskoranir sem snúa að heilbrigðis- og öldrunarmálum. Við gerum ráð fyrir að byggðar verði 5.000 íbúðir á svæðinu auk 1200 hjúkrunarrými en það jafngildir um helmingi þeirra hjúkrunarrýma sem fyrirséð er að muni vanta á höfuðborgarsvæðinu á næstu 15 árum. Ef af þessum áformum verður þá er ljóst að Kópavogsbær er svo sannarlega að stíga mikilvægt skref í að leysa ýmsar áskoranir sem snúa að öldrun þjóðar,” segir Ásdís.

Um er að ræða nýjan valkost Hvaða þýðingu hefur þessi fyrirhuguða uppbygging fyrir Kópavog, aldurs-samsetningu íbúa og framboð húsnæðis?

„Hugmyndin er að þarna verði byggt upp lífsgæðasamfélag sem er sérstaklega sniðið fyrir 60 ára og eldri, það er fólk sem er á þriðja og fjórða æviskeiðinu. Til að mæta aukinni þörf er mikilvægt að tryggja fjölbreyttari búsetumöguleika og þjónustu fyrir þennan hóp og er hér um að ræða nýjan valkost. Þessi uppbygging kallar ekki endilega á breytta aldurs-samsetningu í Kópavogi því eldri bæjábúar sem kjósa að búa á Gunnarshólma flytja úr sínum fyrri fasteignum sem stuðlar þá að auknu framboði fyrir t.a.m. barnafjölskyldur svo



Samstarfið handsalað F.v.Orri Hlöðversson formaður bæjarráðs, Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs, Sigurður Stefánsson framkvæmdastjóri Aflvaka Þróunarfélags og Andri Sveinsson, stjórnarmaður í Aflvaka Þróunarfélagi.



dæmi séu tekin. Áhrifin yrðu því fyrst og fremst aukið framboð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Ef áformin ganga eftir þá er Kópavogsbær ekki aðeins að stíga mikilvægt skref í að auka framboð hjúkrunarrýma á höfuðborgarsvæðinu heldur samhlíða að stórauka framboð íbúðar-húsnæðis og mæta þannig þörfum ungra sem og eldri kaupenda á húsnæðismarkaði.”

Ekki verði að flytja neinn í byrtu frá byggð

Sú gagnrýni hefur komið fram að verði sé að flytja eldra fólk í burtu frá annarri byggð, hvað segir þú um þá gagnrýni? „Ég er alls ekki sammála þeirri nálgun. Í fyrsta lagi þá er ekki verði að flytja neinn í burtu frá byggð, heldur eru áform um að bjóða uppá nýja og fleiri valkosti fyrir þennan fjölbreytta hóp. Margir myndu segja að þetta væri frábær valkostur fyrir eldri bæjarbúa. Áfram verða hjúkrunarheimili rekin innan núverandi vaxtamarka og áfram verða íbúðir byggðar fyrir alla aldurshópa í ólíkum hverfum Kópavogs. Ljóst er að þörfin er mikil og svæði innan vaxtamarka munu ekki mæta henni að öllu leyti. Miklu meira þarf til. Áform okkar um að byggja 1.200 hjúkrunarrými á Gunnarshólmi eru aðeins 50% af væntri þörf næstu árin, önnur 1200 hjúkrunarrými þarf að byggja á öðrum svæðum innan höfuðborgarsvæðisins,” segir hún.

Verslanir og heilsukjarni

Verður gert ráð fyrir uppbyggingu grunnþjónustu á svæðinu, leikskóla og skóla

ásamt verslun og þjónustu? „Nei, það er ekki gert ráð fyrir leik- og grunnskólum á svæðinu enda er svæðið fyrst og fremst hugsað fyrir fólk á þriðja og fjórða æviskeiðinu. Aftur á móti er gert ráð fyrir verslunum ásamt ýmiss konar þjónustu til dæmis heilsukjarna þar sem starfrækt verður heilsuhús og nýsköpunarmiðstöð með áherslu heilbrigðara líf, félagsskap, útveru og afþreyingu.”

Gert er ráð fyrir að einkaaðilar sjái um uppbyggingu hjúkrunarheimila á svæðinu

Gerði þið ráð fyrir að ríkið muni taka þátt í kostnaði við uppbyggingu og

reksturs á þeim 1200 hjúkrunarrýmum sem gert er ráð fyrir á svæðinu? „Stjórnvöld kynntu nýverið breytingar á uppbyggingu hjúkrunarheimila, í stað þess að þau séu byggð upp og fjármögnuð að öllu leyti af ríki og sveitarfélögum þá er nú horft til þess að einkaaðilar sjái um slíka uppbyggingu og fjármögnun. Þessi áform ríma við stefnu stjórnvalda þar sem gert er ráð fyrir að einkaaðilar sjái um uppbyggingu hjúkrunarheimila á svæðinu. Reksturinn verður jafnframt í höndum einkaaðila eins og tíðkast á öðrum hjúkrunarheimilum en að sjálfsögðu áfram með fjárframlögum frá ríkinu. Kópavogsbær kemur ekki að uppbyggingu né rekstri hjúkrunarheimila.”



Gunnarshólmi (rauður punktur) liggur utan vaxtamarka höfuðborgarsvæðisins

Hafa átt í viðræðum við uppbyggingaraðila í rúmlega ár Hvað er langt síðan þessi hugmynd að uppbyggingu í Gunnarshólma kom fyrst til tals hjá ykkur í Kópavogi? „Það liggur mikil vinna að baki hugmynd sem þessari og við höfum átt í viðræðum við uppbyggingaraðila í rúmlega ár. Málið fór hins vegar ekki í formlegt ferli fyrr en nýverið þegar viljayfirlýsingin fór fyrir bæjarráð, en hún verður afgreidd á næsta fundi bæjarstjórnar þann 13. febrúar.”

Má gera ráð fyrir að það taki eitt til tvö ár að afla viðeigandi leyfa áður en framkvæmdir geta hafist

Nú er ljóst að um er að ræða mjög stórt og metnaðarfullt verkefni. Hverjar eru stærstu áskoranirnar og hvenær teljið þið raunhæft að fyrsta skóflustungan verði tekin og framkvæmdir hefjast? „Já, við erum ákaflega stolt af þessu verkefni fyrir hönd Kópavogsbæjar því hér er verið að mæta brýnni þörf með nýrri nálgun. Fyrirhugað uppbyggingarsvæði fellur utan núverandi vaxtamarka höfuðborgarsvæðisins og kallar því á breytingar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins sem við þurfum að ræða við nágranna-sveitarfélögin. Þá þarf að huga vandlega að umhverfis- og vatnsverndarmálum samhlíða þeirri skipulagsvinnu sem þarf að fara fram. Þetta mun allt taka sinn tíma og það má gera ráð fyrir því að það taki eitt til tvö ár að afla viðeigandi leyfa áður en framkvæmdir geta hafist sem gætu tekið um átta ár. Ef allt gengur upp er hér verið að stórauka framboð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu og framboð hjúkrunarrýma sem ber að fagna enda þörfin mikil,” segir Ásdís.

Teljum þetta raunhæft verkefni annars værum við ekki á þessari vegferð

En telur þú í raunhæft að af þessu verkefni verði þar sem þetta er bæði fyrir utan vaxtarmörk höfuðborgarsvæðisins, sem gilda til ársins 2040 og þá er þetta á vatnsverndarsvæði sem hefur að geyma vatnsból alls höfuðborgarsvæðisins? „Já, að sjálfsögðu teljum við þetta verkefni raunhæft annars værum við ekki á þessari vegferð. Talsverð undirbúningsvinna hefur þegar átt sér stað,” segir Ásdís að lokum.

Mikil reynsla af uppbyggingu stórhuga þróunarverkefna

Teymið á bakvið þróunarverkefnið er með mikla reynslu af stórum nýsköpunarverkefnum, meðal annars í heilbrigðistækni. Framkvæmdastjóri Aflvaka Þróunarfélags er Sigurður Stefánsson fyrrum fjármálastjóri CCP og í stjórn félagsins eru þeir Birgir Már Ragnarsson og Andri Sveinsson eigendur fjárfestingafélagsins Omega ehf., sem átti yfir 10% hlut í Kerecis sem selt var fyrir 180 milljarða á dögnum. Andri Sveinsson var stjórnarformaður Kerecis og Birgir Már Ragnarsson er núverandi stjórnarformaður Sidekick Health. Þeir eru jafnframt eigendur Grósku hugmynda-húss. Í stjórn Aflvaka Þróunarfélags situr einnig Guðmundur J. Oddsson sem jafnframt er stjórnarmaður í Sidekick Health.

Eins og áður segir er ætlað er að uppbygging á svæðinu muni taka um átta ár eftir að viðeigandi leyfi hafa fengist og að fyrsta áfangi verði lokið á tveimur til þremur árum.

Snjallari grenndarstöðvar í Kópavogi

Á næstu vikum verða settar upp nýjar grenndarstöðvar. Snjalls kynjarar verða settir í alla gáma til að tryggja tímanlega losun og málmumbúðum og gleri verður safnað á öllum grenndarstöðvum.



LITIL GRENNÐARSTÖÐ:

Á litlum grenndarstöðvum verður tekið við málmum, gleri, skilagjaldsskyldum umbúðum auk textíls.

- Hjallabrekka
- Kópavogsvöllur
- Þverbrekka
- Skálaheiði
- Núpalind
- Álfkonuhvarf
- Búðakór

Stór GRENNÐARSTÖÐ:

Á stórum grenndarstöðvum verður, auk málna, glers, skilagjaldsskyldra umbúða og textíls, tekið á móti pappír/pappa og plastumbúðum.

- Borgarholt
- Engihjalli
- Salavegur
- Vallakór



Finndu þína stöð á sorpa.is
Takk fyrir að flokka!

Frístundastyrkurinn hækkar

Með tilkomu frístundastyrksins í sínum tíma voru tækifæri barna til íþróttaiðkunar jöfnuð svo um munar.

Í Kópavogi erum við að gera hvað best ef miðað er við önnur bæjarfélög og erum með hæsta styrkinn eða 59.000 kr. en hann hækkar nú um áramótin.

Að auki erum við með sérstakan styrk fyrir öll 5 ára börn sem fá eina grein gjaldfrjálst eða sem nemur 85.000 kr. Með þessu auka skrefi hvað varðar 5 ára börnin viljum við taka næsta skref svo ekki væri nein fyrirstaða til iðkunar íþróttar og tómstundastarfs fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref.



Sverrir Kári að nýting frístundastyrksins hefur vaxið á milli ára

Við sjáum að nýting styrksins hefur vaxið milli ára og er orðinn 77,4% eða 5.574 kennitölur en börn og ungmenni á aldrinum 5-18 ára með lögheimili í Kópavogi geta nýtt sér styrkinn. Þetta er gríðarlega jákvætt og segir okkur það að stuðningurinn er að virka hjá okkur, en þó svo að kostnaðurinn fyrir bæinn sé umtalsverður eða (306.560.578.kr.) er þeim fjármunum að mínu mati vel varið. Þannig að ég segi áfram Kópavogur og við getum verið stolt af okkur því við erum að gera frábæra hluti í þágu íþróttar og tómstundastarfs barna og ungmenna í bænum okkar.

Sverrir Kári Karlsson
Formaður Íþróttaráðs - f.h. Framsóknar

3% staðgreiðsluafsláttur af fasteignagjöldum

Fyrsti gjalddagi fasteignagjalda í Kópavogi er 1. febrúar, síðan 1. hvers mánaðar til september. Alls eru 8 gjalddagar.

Álagning fasteignagjalda byggir á fasteignamatí húsa og lóða í Kópavogi, sem tekur meðal annars mið af stærð þeirra, notkun og lóðarhlutastærð.

Veittur er 3% staðgreiðsluafsláttur ef gjöldin í heild eru greidd fyrir 16. febrúar 2024.

Veittur verður afsláttur af fasteignaskatti til þeirra eili- og örorku-lífeyrisþega, sem búa í eigin íbúð, og er hann reiknaður út

frá álagningu 2023 vegna skatttekna ársins 2022, þ.e. samtalan af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7 og 2.8) og fjármagnstekjum samtals (reitur 3.10)

100% lækkun:

Einstaklingar með heildarstækjur allt að 6.748.500 krónur.

Hjón með heildarstækjur allt að 8.622.200 krónur.

75% lækkun:

Einstaklingar með heildarstækjur á bilinu frá 6.748.501 - 6.860.000 krónur.

Hjón með heildarstækjur á bilinu 8.622.201 – 8.880.000 krónur.

50% lækkun:


Einstaklingar með heildarstækjur á bilinu 6.860.001 – 6.973.000 krónur.

Hjón með heildarstækjur á bilinu 8.880.001 - 9.293.300 krónur.

25% lækkun:

Einstaklingar með heildarstækjur á bilinu 6.973.001 – 7.082.000 krónur.

Hjón með heildarstækjur á bilinu 9.293.301 - 9.694.800 krónur.



Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar

Komdu að æfa golf!



www.gkg.is



Æfingar allan ársins hring

Hjá GKG er eitt besta inni æfingasvæði á landinu og með þeim stærstu í Evrópu og er því möguleiki á því að æfa golf við kjöraðstæður allan ársins hring.

Við erum með 4 menntaða PGA kennara sem sjá um barna- unglunga og afreksþjálfun og höfum verið leiðandi í okkar fagi á Íslandi.



1x eða 2x í viku

Hægt er að velja á milli þess að vera á 1 æfingu í viku eða 2 æfingum í viku eftir því sem hentar betur.

Innifalið í æfingagjöldum árið 2024 er æfingapeysa merkt GKG og mótsgjald í eitt skemmtilegasta mót ársins - Meistaramót GKG!

Verðskrá og skráning

HEILSÁRSGJALD	Í VIKU	
12 ÁRA OG YNGRI	1 ÆFING	60.000 kr.
12 ÁRA OG YNGRI	2 ÆFINGAR	85.000 kr.
13 - 18 ÁRA	1 ÆFING	75.000 kr.
13 - 18 ÁRA	2 ÆFINGAR	105.000 kr.

SUMARGJALD	Í VIKU	
12 ÁRA OG YNGRI	1 ÆFING	40.000 kr.
12 ÁRA OG YNGRI	2 ÆFINGAR	55.000 kr.
13 - 18 ÁRA	1 ÆFING	50.000 kr.
13 - 18 ÁRA	2 ÆFINGAR	70.000 kr.

Skráning fer fram á
www.xpsclubs.is/gkg

Nánari upplýsingar er að finna á www.gkg.is

Vinsamlegast athugið að ekki verða sendir út greiðsluseðlar heldur verður einungis stofnuð krafa í heimabanka með sama hætti og áður. Engin breyting verður hjá þeim sem greitt hafa með boðgreiðslum eða í greiðsluþjónustu. Ekki er tekið á mótí peningum í afgreiðslu Kópavogsbæjar, einungis kortafærslum eða millifærslum.

Ekki verða sendir út álagningarseðlar á pappírformi en hægt er að nálgast nýjustu álagningarseðla á island.is og í þjónustugátt Kópavogsbæjar á vefsíðu bæjarins www.kopavogur.is undir flipanum þjónustugátt.

Þeir sem ekki hafa rafræn skilríki geta óskað eftir afriti af álagningarseðli með því að senda tölvupóst á netfangið: thjonustuver@kopavogur.is.

Nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 441 0000 og fyrirspurnir má senda á netfangið: thjonustuver@kopavogur.is

Vefsíða Kópavogspóstins kpg.is

[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn)

[Twitter.com/Kopavogspostur](https://twitter.com/Kopavogspostur)

[Instagram.com/Kopavogsposturinn](https://www.instagram.com/Kopavogsposturinn)

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

HJARTAFIMMA TIL YKKAR ♥

KÆRU VIÐSKIPTAVINIR, FIMMTA ÁRIÐ Í RÖÐ. TAKK!

Það gleður okkur óneitanlega mjög mikið að vera efst lyfjaverslana í Íslensku ánægjuvuginni, fimmta árið í röð. Hjartans þakkir, kæru viðskiptavinir og takk frábæra starfsfólk.

Elligettó á forsendum fjárfesta

Bæjarstjóri Kópavogs hefur lagt það til að fara í samstarf við fjárfesta á Gunnarshólma um uppbyggingu 7500 manna byggðar fyrir eldri borgara, sem samanstendur af leiguíbúðum og hjúkrunarrýmum. Þetta er að mínu mati algjört glapræði sem þjónar raunverulega engum nema fjárfestunum sem vilja að sjálfsögðu hámarka hagnað sinn með kaupum á þessu beitarnandi.



Sigurbjörg Erla Egilsdóttir

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa markað sér sameiginlega stefnu um skipulag og uppbyggingu húsnæðis til ársins 2040. Þar eru skilgreind vaxtarmörk og öll uppbygging þéttbýlis á að eiga sér stað innan þeirra, enda er mikilvægt sjálfbærnimál að þetta byggðina inn á við. Þannig nýtum við betur núverandi grunnkerfi samgangna, veitna og almannþjónustu. Samkvæmt fyrirbyggjandi greiningum er gert ráð fyrir að vaxtarmörkin dugi vel fram yfir árið 2040. Bæjarstjóri hefur aftur á móti fullrytt að það blasi við að okkur muni ekki takast að uppfylla þörfina fyrir byggð innan vaxtarmarka höfuðborgarsvæðisins. Engar greiningar liggja þar að baki.

Fyrir utan skipulagslega óhagkvæmi þá er það eins og einhver hugmynd frá 1970 að búa til slíkt „elli-gettó“ fjárfestum byggð. Það tekur um það bil tvær klukkustundir að ganga í næsta hverfi Kópavogs og engar almenningssamgöngur ganga þarna

á milli. Það drægi því úr tækifærum fyrir samveru milli kynslóða, með tilheyrandi sálfélagslegum afleiðingum - en það er mikilvægt, bæði fyrir andlega og líkamlega heilsu eldri borgara að einangra þá ekki frá restinni af samfélaginu með þessum hætti.

Þá þykir mér vægast sagt sérkennilegt að bæjarstjóri Kópavogs sitji fyrir á myndum og mæti í viðtöl með fjárfestunum á Gunnarshólma, sem eiga allt undir afgreiðslu bæjarstjórnar eftir hálfan mánuð. Það má velta fyrir sér hvort það sé hlutverk bæjarstjóra að ganga erinda fjárfesta með þessum hætti.

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir
Bæjarfulltrúi Pírata í Kópavogi

98% nemenda í 5.-7. bekk líður oftast vel heima hjá sér

Niðurstöður rannsóknar ungs fólks í Kópavogi liggja fyrir

Niðurstöður rannsóknar ungs fólks í Kópavogi fyrir árið 2023, er rannsókn meðal nemanda í 5.-7. bekk og 8.-10. bekk. Framkvæmd og úrvinnsla rannsóknarinnar var á vegum Rannsóknna & greiningar í Háskólanum í Reykjavík.

Í skýrslunni er ungt fólk í Kópavogi skoðað sérstaklega og borin saman við höfuðborgarsvæðið og svo landið allt. Spurt er um vímuefnaneyslu, líðan, samskipti við foreldra og tómstunda og íþróttaiðkun. Í heildina eru nemendur í Kópavogi að koma vel út úr þessari könnun og meirihluti þeirra stendur sig vel.

Það er ánægjulegt að sjá að 95% þeirra sem svöruðu könnunni upplifa umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum, 98% nemanda í 5.-7. bekk líður oftast vel heima hjá sér þá segjast 81% nemanda í 8.-10. bekk oft eða nær alltaf með foreldrum sínum um



Meirihluti barna í Kópavogi stendur sig vel og vert að vera stolt af því

helgar, en gott að muna að samvera foreldra og barna er ein besta forvömin. Meirihluta barna í Kópavogi stendur sig vel og vert að vera stolt af því.

Foreldrum barna í Kópavogi mun standa til boða ítarlegri kynning á rannsókninni í sínu skólahverfi, tímasetningar verða kynntar síðar.

Íbúar beðnir um að moka vel frá ruslatunnum

Íbúar eru beðnir um að moka vel frá ruslatunnum svo auðvelt sé að nálgast tunnurnar fyrir þá sem sinna sorphirðu.

Á vef Kópavogsbæjar má sjá upplýsingar um sorphirðu í bænum.


Eins og sjá má á myndinni þá getur sorphirða að vetralagi verið erfið og íbúar því beðnir um að moka vel frá ruslatunnum.



Gerðarsafn

03.02.2024

15.00



Hamraborg 4 200 Kópavogur www.gerdarsafn.is

Gerðarverðlaunin

ALLIR VELKOMNIR!

ÆFINGAR TIL 31.5.24

MINI TENNIS

FJÖR TFK 5-7 ÁRA

FRÍR PRUFUTÍMI!

TENNISHÖLLIN

Æfingar fara fram í Tennishöllinni. Þar er boðið upp á tennissæfingar fyrir fólk á öllum aldri. Þar er einnig notalegt kaffihús þar sem hægt er að fylgjast með æfingunum!

ÆFINGATÍMAR

Miðvikudaga 14:30-15:30

Laugardaga 11:30-12:30

Sunnudaga 12:30-13:30

Hægt er að velja æfingatíma!



Skráning og nánari upplýsingar



Tennishöllin í Kópavogi



TFK.is



sindri@tennishollin.is



MEKÓ

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar styrkir Vetrarhátíð í Kópavogi 2024



1/2 kl. 18
Töframaðurinn
Einar Aron
Sundlaug Kópavogs



1/2 kl. 18:30
Skólahljómsveit
Kópavogs
Sundlaug Kópavogs



2/2 kl. 17-23
Náttúrubingó um
Borgarholtið
Náttúrufræðistofa



2/2 kl. 18
Eyrún Ósk
Ljóðatrommugjörningur
Bókasafn Kópavogs



2/2 kl. 18-22
Lifandi dagskrá í
Hljóðbókasafni Íslands
Digranesvegur 5



2/2 kl. 18-20
Stjörnumerkjaperl og
barmmerkjagerð
Bókasafn Kópavogs



2/2 kl. 19-22
Silent diskó | Dönsum
saman á bókasafninu
Bókasafn Kópavogs



2/2 kl. 20
Nætur Fairuz
Hrífandi tónlist Fairuz í flutningi frábærra tónlistamanna
Salurinn



2/2 kl. 20-23
Innsýn í MOLTU
Rætur, rotnun, umrót
Gerðarsafn



2/2 kl. 21
Margrét Eir | Notalegir
síðkvöldstónleikar
Bókasafn Kópavogs



2/2 kl. 21:30
Leiðsögn um safngeymslu
með Cecilie Gaihede
Gerðarsafn



2/2 kl. 22
Bergþóra Snæbjörnsdóttir og Bragi Páll Sigurðarson
fjalla um bækur sínar Duft og Kjöt.
Bókasafn Kópavogs

Veitingastaðurinn Krónikan á neðri hæð Gerðarsafns verður opin til kl. 23:00.

VETRARHÁTÍÐ Í KÓPAVOGI

1.-3. FEBRÚAR 2024



1/2 kl. 20:15
Sundballetthópurinn
Eilífðin | Þátttökutími
Sundlaug Kópavogs



2/2 kl. 17-19
Facade nr. 3 | Opnun
Bjarni Þór Pétursson
y-gallerí



2/2 kl. 18
Listamannaleiðsögn um sýninguna Venjulegir staðir með
Haraldi Jónssyni og Joe Keys
Gerðarsafn



2/2 kl. 18:45-19:45
Lúðrasveit verkalýðsins
18:45 Bókasafn Kópavogs
19:30 Hljóðbókasafn



2/2 kl. 19
Stjörnuskoðun með
Sævari Helga Bragasyni
Náttúrufræðistofa




2/2 kl. 20:30
Klassíski listdansskólinn
Glænýtt dansverk
Hljóðbókasafn Íslands



2/2 kl. 21-23
Hin óviðjafnanlega Sigga
Kling spjallar og spáir
Bókasafn Kópavogs



2/2 kl. 21-23
Tilraunakvöld listamanna | Tónlistarfólk, uppstandarar,
dansarar og myndlistarmenn stíga á svið.
Molinn, Hábraut 2



3/2 kl. 15
Gerðarverðlaunin | Verðlaunaafhending. Lifandi tónlist
í flutningi Davíðs Þórs Jónssonar. Léttar veitingar í boði.
Gerðasafn



2-3/2 kl. 18:30-00:00
Sviðsmyndir
Nýtt ljóslistaverk Eyglóar Harðardóttur
Kópavogskirkja

Opið er á Bókasafni Kópavogs og Gerðarsafni til kl. 23 og aðgangur á sýningar
ókeypis á Safnanótt. Venjulegir staðir, MOLTA og GERÐUR grunnsýning.

Vá! Þetta verður ekkert mikið stærra!

Stemningin mögnuð á Kópavogsblótinu, stærsta þorrablóti landsins

Stemningin var mögnuð á Kópavogsblótinu sem haldið var síðastliðinn föstudag, á sjálfan bóndadaginn, í Fífunni.

Rúmlega 2500 manns mættu á viðburðinn og skemmtu sér konunglega, en Kópavogsblótið er lang stærsta þorrablót landsins enda sameina þar krafta sína stærstu íþróttafélög bæjarins, Breiðablik, HK og Gerpla, vel gert það.

Bæjarbúar mættu eðlilega í góðu skapi á þorrablótið og tilbúnir í þorramatinn hjá Jóa í Múlakaffi. Og stuð já, ekki skemmdi fyrir að frábærir skemmtikraftar mættu á svæðið til að skemmta gestum, Jóhanna Guðrún, Herra Hnetusmjör og félagarnir Auddi og Steindi stigu á stökk og héldu uppi fjörinu. Stuðlabandið tók svo við þegar líða fór að miðnætti og hélt upp fjörinu langt fram eftir nóttu. *Ljósmyndari Ozso.*





MÚLAKAFFI



TAKK FYRIR OKKUR
OG ALLT STUÐIÐ



Hallarmúla 1 | 108 Reykjavík | 553-7737 | mulakaffi@mulakaffi.is | www.mulakaffi.is





Heilsuskólinn Kór í Baugakór 25 Kópavogi

Markmið Heilsustefnunnar er að auka gleði og vellíðan barna með áherslu á næringu, hreyfingu og sköpun í leik og að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar

„Við erum að leita að starfsfólki í heilsuleikskólann Kór í Kópavogi segir Kristín Margrét, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Skólar ehf, en það má sjá auglýsingar eftir starfsfólki á ALFRED.is

Skólar ehf reka sex heilsuleikskóla á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum en fyrirtækið Skólar var stofnað árið 2000 af Guðmundi Pétursyni og Péttri Guðmundssyni utan um rekstur leikskóla undir einkunnar-orðunum „heilbrigð sál í hraustum líkama.“

Kristín Margrét Baranowski framkvæmdastjóri Skólar ehf.



Í leikskólanum Kór nýtum við okkur flæði, þar sem nemendur og starfsfólk fá að njóta sín sem allra best. Erum við að horfa til þess að veita nemendum okkar meira rými og tíma til þess að þróa leikinn sinn áfram, þessar breytingar er velferð og vellíðan bæði nemanda sem og starfsfólks höfð að leiðarljósi. Það er því mjög spennandi vetur framundan hjá okkur þar sem við munum í sameiningu þróa okkur áfram, vilt þú ekki vera með í því?

Leikurinn, hreyfingin, næringin og sköpunin er okkar

Hjá okkur í Kór er lögð áhersla á öruggt og hlýlegt umhverfi fyrir leik og proska þar sem allir nemendur fá að upplifa leikskólann á sama hátt óháð hreyfingu. Skólar ehf. ætla sér að verða leiðandi á sviði heilsueflingar í leikskólastarfi á Íslandi þar sem heilsustefnan er höfð að leiðarljósi og viðmið fyrir faglegt starf og rekstur heilsuleikskóla.

Á góðum vinnustað er líkamleg og andleg heilsa í fyrirrúmi

Það er ekki nóg að nemendur séu heilsuhaustir, heilsa starfsfólksins sem annast þau þarf líka að vera í fyrirrúmi. Skólar hafa markvisst byggt upp heilsustefnu sína í samvinnu við starfsfólk og sérfræðinga.

Til að vinna að betra heilsufari starfsfólks var unnin sérstök heilsufarsáætlun í samstarfi við heilsuvernd. Viðverustefna umbunar starfsmönnum fyrir góða viðveru en styður þá sem eitthvað bjátar á hjá.

Ef þú hefur áhuga á að kynna þér betur hvað við erum að gera þá getur þú kíkt á instagramið okkar: heilsuleikskolinn_kor eða Like síðu okkar á Facebook: Heilsuleikskólinn Kór.

50-100% starf í boði.

Áætlað er að fara í námsferð í maí 2024.

Frekari upplýsingar veitir Svanhildur D. Björgvinsdóttir skólastjóri í síma 570 - 4940 eða á netfangið: kor@skolar.is



Gera heilbrigða lífshætti að lífsstíl til framtíðar

Allir skólarnir starfa eftir sérstakri Heilsustefnu. Markmið Heilsustefnunnar er að auka gleði og vellíðan barna með áherslu á næringu, hreyfingu og sköpun í leik og að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar. Upphaf stefnunnar má rekja til þróunar- og samstarfsverkefnisins European Network of Health Promoting Schools, sem hófst sem samstarfsverkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, Evrópuráðsins og Evrópusambandsins árið 1992. Framkvöðull þessarar stefnu í leikskólastarfi á Íslandi var Unnur Stefánsdóttir en hún starfaði sem framkvæmdastjóri faglega hluta Skóla ehf í mörg ár.

Leiðandi í heilsueflandi leikskólastarfi

Kristín Margrét segir starf Skóla ehf í stöðugri þróun og áhersla sé lögð á faglegt starf.

„Við ætlum okkur að verða leiðandi í þekkingu og aðferðarfræði heilsueflandi leikskólastarfs á Íslandi, með heilsu og lífsgæði nemenda, starfsfólks og nærsamfélagsins að leiðarljósi. Til að ná þessum markmiðum settum við meðal annars viðverustefnu árið 2016 sem gengur út á að starfsmenn sem eru ekki frá vinnu í 6 vikur fá hálfan frídag í samráði við leikskólastjóra. Við fengum markþjálfva til að hitta alla starfsmenn fyrir nokkrum árum. Erum nuna að vinna í endurmenntunaráætlun sem hefst á þessu ári. Við störfum eftir jafnréttisstefnu og erum búin að ljúka jafnlaunavottun. Þá unnum við sérstaka áætlun með Heilsuvernd með heilsu starfsmanna í fyrirrúmi og erum með samgöngustyrk, heilsueflingarstyrki, hópeflisstyrki og námsstyrki. Fyrir nokkrum árum gerðum við 8 vikna matseðil af næringarríkum mat sem allir okkar skólar nota í dag. Þetta var unnið með næringarfræðing og í samráði við matráða okkar. Sérfræðingar í kennslu og námskeiðum mun hefja þjálfun næsta vetur fyrir alla nýja starfsmenn. Auk þess höfum við gert samning um samstarf um fagháskólanám í leikskólafræðum milli Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Við teljum þetta muni styrkja starfsmenn okkar og þar með einnig faglega reksturinn á hverjum stað,“ segir Kristín Margrét.

Nánar um starf heilsueflandi leikskóla má lesa á skolar.is



SKÓLAR
HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA





Álagning fasteignagjalda

Fyrsti gjalddagi fasteignagjalda í Kópavogi er 1. febrúar, síðan 1. hvers mánaðar til september. Alls eru 8 gjalddagar.

Álagning fasteignagjalda byggir á fasteignamati húsa og lóða í Kópavogi, sem tekur meðal annars mið af stærð þeirra, notkun og lóðarhlutastærð.

Veittur er 3% staðgreiðsluafsláttur ef gjöldin í heild eru greidd fyrir 16. febrúar 2024. Hægt er að ganga frá staðgreiðslu gjalda með því að draga 3% frá heildarálagningu gjaldanna og leggja inn á banka: **0130-26-74, kt. 700169-3759.**

Veittur verður afsláttur af fasteignaskatti til þeirra elli- og örorku-lífeyrisþega, sem búa í eigin íbúð, og er hann reiknaður út frá álagningu 2023 vegna skatttekna ársins 2022, þ.e. samtalan af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7 og 2.8) og fjármagnstekjum samtals (reitur 3.10)

100% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur allt að 6.748.500 krónur.

Hjón með heildarárstekjur allt að 8.622.200 krónur.

75% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu frá 6.748.501–6.860.000 krónur.

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 8.622.201–8.880.000 krónur.

50% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 6.860.001–6.973.000 krónur.

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 8.880.001–9.293.300 krónur.

25% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 6.973.001–7.082.000 krónur.

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 9.293.301–9.694.800 krónur.

Vinsamlegast athugið að ekki verða sendir út greiðsluseðlar heldur verður einungis stofnuð krafa í heimabanka með sama hætti og áður. Engin breyting verður hjá þeim sem greitt hafa með boðgreiðslum eða í greiðsluþjónustu. Ekki er tekið á móti peningum í afgreiðslu Kópavogsbæjar, einungis kortafærslum eða millifærslum.

Ekki verða sendir út álagningarseðlar á pappírformi en hægt er að nálgast nýjustu álagningarseðla á **island.is** og í **Þjónustugátt Kópavogsbæjar** á vefsíðu bæjarins **www.kopavogur.is** undir flípanum þjónustugátt. Þeir sem ekki hafa rafræn skilríki geta óskað eftir afriti af álagningarseðli með því að senda tölvupóst á netfangið: **thjonustuver@kopavogur.is.**

Nánari upplýsingar er hægt að fá í síma **441 0000** og fyrirspurnir má senda á netfangið: **thjonustuver@kopavogur.is.**



Kópavogsbær

kopavogur.is

Blikar syntu virkilega vel á RIG

Fyrsta sundmótið á 50m sundtímabilinu var um sl. helgi þegar að RIG (Reykjavík International Games) fór fram í Laugardalslaug.

Sundfólk Breiðabliks stóð sig vel á mótinu og vann til ýmissa verðlauna ásamt því að einhverjir náðu A og B lágmarkum og tryggðu sér þar með þátttöku í landsliðs- verkefnum á næstu misserum.

Gull-, silfur-, og bronsverðlaun helgarinnar voru eftirfarandi:

Gullverðlaun:

Opinn flokkur:
400m Medley Freyja Birkisdóttir

15 ára og yngri:
1500m Freestyle Vanja Djurovic
200m Butterfly Huginn Levi Pétursson

14 ára og yngri:
800m Freestyle Guðrún Ísold Harðardóttir
100m Backstroke Íris Ásta Magnúsdóttir
200m Backstroke Íris Ásta Magnúsdóttir
100m Breaststroke Elin Michalec Árnadóttir
50m Butterfly Bergey Huld Arnarsdóttir



Freyja Birkisdóttir



Lilja Raket Hannesdóttir



Snævar Örn vann til verðlauna fyrir Breiðablik í flokki fatlaðra. Hann var í 3. sæti í 50m flugi, 2. sæti í 50m skriði, 1. sæti í 200m flugi og 2. sæti í 100m flugi



Nadja Djurovic



Guðmundur Karl Karlsson náði A landsliðslágmarkum

Silfurverðlaun: Opinn flokkur:
100m Butterfly Nadja Djurovic
100m Freestyle Ýmir Chatenay Sölvason
400m Freestyle Ýmir Chatenay Sölvason

15 ára og yngri:
100m Butterfly Huginn Levi Pétursson

14 ára og yngri:
400m Freestyle Guðrún Ísold Harðardóttir
100m Butterfly Bergey Huld Arnarsdóttir

Bronsverðlaun: Opinn flokkur:
200m Medley Freyja Birkisdóttir

200m Freestyle Ýmir Chatenay Sölvason

15 ára og yngri:
100m Backstroke Vanja Djurovic

14 ára og yngri:
200m Freestyle Guðbjörg Helga Hilmarsd.
400m Freestyle Þorgerður Freyja Helgad.
800m Freestyle Þorgerður Freyja Helgad.
200m Backstroke Lilja Raket Hannesdóttir
200m Breaststroke Elin Michalec Árnadóttir
400m Medley Iris Ásta Magnúsdóttir



Þorgerður Freyja Helgadóttir

Spot On!!



Jörgen klippari er mættur í bæjarlind 6, sama hús og hýsti Spot hér áður nema ofan við húsið.

Hlakka til að hitta gamla og nýja viðskiptavini.

Nú er hægt að pantatíma í gegnum Noona appið eða í S:866-2215.



Sundkappar úr Breiðabliki! Neðsta röð frá vinstri: Lilja, Guðrún, Íris, Þorgerður, Guðbjörg, Bergey. Miðju röð frá vinstri: Nadja, Ásdís, Sólveig, Freyja, Ragnheiður Ásta, Ragnheiður, Eydís, Halldóra. Efsta röð frá vinstri: Snævar, Jón Ingvar, Guðmundur, Dominic, Kacper, Ragnar, Vanja, Huginn.

Mæðrastyrksnefnd Kópavogi



Þakkar öllum sem studdu við starfsemina á liðnu ári.

Án ykkar væri engin starfsemi

Kveðjur, sjálfboðaliðar

Sundskóli sunddeildar Breiðabliks

Skráðu þig á sundnámskeið:

<https://breidablik.is>

Allir í sund



Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



Nýtt og snjallara hlutverk grenndarstöðva í Kópavogi

Grenndarstöðvar SORPU og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu munu á næstu vikum fá nýtt og snjallara hlutverk. Skynjarar verða settir í alla grenndargáma til að tryggja tímanlega losun, og málmumbúðum og gleri verður safnað á öllum grenndarstöðvum.


Innleiðingin hefst í Kópavogi 30. janúar og tekur tvær vikur en í heildina tekur innleiðingin 6 vikur.

Í Kópavogi eru 10 grenndarstöðvar.

Litlar og stórar grenndarstöðvar
Við heimili eru nú þegar tunnur fyrir mataræifar, blandað rusl, plast, og pappír og pappa.

Gámar fyrir gler, málmumbúðir, og flöskur og dósir verða á öllum grenndarstöðvum sem staðsettar verða í hverfum í nálægð við heimilin. Þessar stöðvar kallast litlar grenndarstöðvar, og verða þær um 50 á höfuðborgarsvæðinu.

Gámar fyrir gler, málmumbúðir, flöskur og dósir, textíl, pappír og pappa, og plast verða á stórum grenndarstöðvum sem verða í öllum hverfum höfuðborgarsvæðis-



ins. Stórar grenndarstöðvar verða um 40 á höfuðborgarsvæðinu.

Textíl verður auk þess safnað á öllum grenndarstöðvum á komandi misserum. Núna er textílsöfnun á forræði Rauða krossins og ólík eftir grenndarstöðvum.

Grenndarstöðvar SORPU og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu munu á

næstu vikum fá nýtt og snjallara hlutverk. Skynjarar verða settir í alla grenndargáma til að tryggja tímanlega losun, og málmumbúðum og gleri verður safnað á öllum grenndarstöðvum.

Með þessu að tryggt að íbúará höfuðborgarsvæðinu geti losað sig við helstu tegundir af rusli í sínu hverfi og nærumhverfi.

Nemendum fjölgar á Kársnesi

Kársnesskóla skipt í tvo skóla



Kársnesskóli við Vallargerði! Kársnesskóla verður skipt upp í tvo sjálfstæða skóla á skólaárinu 2024-2025. Megin ástæða skiptingar skólans er fjölgun nemenda á Kársnesi

Kársnesskóla verður skipt upp í tvo sjálfstæða skóla á skólaárinu 2024 til 2025 samkvæmt tillögu menntasviðs Kópavogsbæjar sem samþykkt hefur verið í bæjarstjórn Kópavogs. Lagt er til að skólanum verði skipt þannig að í húsnæði við Vallargerði verði 5.-10. bekkur og í nýrri skólabyggingu við Skólagerði verði 1.-4. bekkur auk fjögurra deilda leikskóla.

Um 430 nemendur í Vallargerði og 360 börn í Skólagerði

Megin ástæða skiptingar skólans er fjölgun nemenda á Kársnesi. Undanfarnir ár hefur nemendafjöldi skólans verið 600-700 og fyrir séð er að enn mun fjölga auk þess sem rekstur leikskólans í nýju húsnæði skólans við Skólagerði mun bætast við. Miðað við núverandi nemendafjölda verða um 430 nemendur í skólanum í Vallargerði en um 360 börn í leik- og grunnskóla í Skólagerði.

Bætir rekstrarlega og faglega yfirsýn yfir skólastarfið

„Með því að skipta Kársnesskóla í tvo sjálfstæða skóla verður hægar um vik fyrir skólastjórnendur að hafa góða rekstrarlega og faglega yfirsýn yfir skólastarfið,“ segir Anna Birna Snæbjörnsdóttir, sviðsstjóri menntasviðs. Í Kópavogi hefur þegar verið farin þessi leið með skiptingu Hörðuvallaskóla í tvo skóla, Hörðuvallaskóla og Kóraskóla, og hefur reynslan af því verið mjög góð.

Stjórnendur Kársnesskóla hafa tekið þátt í samráði og undirbúningi vegna fyrir- hugaðra breytinga. Á næstu vikum verður auglýst eftir nýjum skólastjórnendum sem munu leiða faglegan undirbúning við þróun samrekins leik- og grunnskóla, sem er nýbreytni í skólastarfi í Kópavogi. Sú vinna verður unnin í samvinnu við skóla- samfélagið allt, nemendur, foreldra og starfsfólk.

VALENTÍNUSARDAGURINN 14.FEBRÚAR KONUDAGURINN 25.FEBRÚAR

ÁST Í POKA SEM HÆGT ER AÐ LOKA



Þú kaupir Essential Hair Care sjampó og næringu og færð LOVE body lotion eða sturtusápu með í kaupbæti

davines

ÞÚ FINNUR ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR UM VÖRURNAR OKKAR OG SÖLUSTADI Á WWW.BPRO.IS

Íbúafundur um skipulagsmál við Dalveg

Dalvegur 30-32. Breytt deiliskipulag.

Vakin er athygli á því að fimmtudaginn 15. febrúar 2024 milli kl. 17 og 18 verður haldinn kynningarfundur í sal Smáraskóla um skipulagsmál við Dalveg, hljóðvist, ljósmengun, aðgengi og umferðarlausnir á svæðinu. Ásamt því verða tillögur að breyttu deiliskipulagi Dalvegur 30-32 kynntar sérstaklega þeim sem þess óska.

Nánari upplýsingar um ofangreindar tillögur eru aðgengilega í skipulagsgátt <https://skipulagsgatt.is/issues> og á vefsíðu Kópavogsbæjar <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu>

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi



Kópavogsbær

[kopavogur.is](https://www.kopavogur.is)


Vefsíða Kópavogspóstans
www.kgp.is

Fylgdu okkur á: **Facebook.com/Kopavogsposturinn**
Twitter.com/Kopavogspostur eða
Instagram.com/Kopavogsposturinn

LÁTTU OKKUR SJÁ UM HEIMILISÞVOTTINN ÞINN

Hröð og vönduð þjónusta.
Persónuleg þjónusta og hagstætt verð.

OPNUNARTÍMI EFNALAUGAR GARÐABÆJAR
MÁN - FÖS: 8-18 • LAU: lokað



**EFNALAUG
GARÐABÆJAR**

EFNALAUG GARÐABÆJAR | GARÐATORGI 3 | GARÐABÆ | SÍMI 565 6680

MEKÓ

Bókasafn Kópavogs
Gerðarsafn
Salurinn

DAGSKRÁ FEBRÚAR 2024

Menning á
miðvikudögum kl. 12:15

Fjölskylduviðburðir

Sýningar

7/2
Leslyndi | eftirlætisbækur
Auður Ava Ólafsdóttir



10/2 kl. 13
Vísindasmiðja HÍ
Fjölskyldustund á Lindasafni



GERÐUR grunnsýning
opið daglega kl. 12-18

14/2
Ástarljóð á Valentínusardegi
Upplestur skálda



17/2 kl. 13
Grímusmiðja
Litlar, stórar og litríkar



13/1-31/3
Venjulegir staðir
opið daglega kl. 12-18

21/2
Hádegistónleikar
Jelena Ćirić



24/2 kl. 13
Felufélagar
Skuggaleikhússmiðja
með ÞYKJÓ



10/2-31/3
Venjulegar myndir
opið daglega kl. 12-18
Sýningaropnun 10/2

28/2
Venjulegir staðir
Venjulegar myndir
Sýningaleiðsögn



Alla miðvikudaga kl. 15-17
List og náttúra
Fjölskyldusmiðjur í samstarfi
við Náttúrufræðistofu



3-4/2 18:00
MOLTA
Lifandi sýning
tix.is

Foreldramorgnar
á fimmtudögum kl. 10:00

Annað á dagskrá

Tónleikar

1/2
Foreldramorgunn í
Gerðarsafni



1/2 18:00
SKÚLPTÚR & SMÖRRE

8/2
Skjánotkun og þroski barna
Karen Lind Gunnarsdóttir



1-3/2
VETRARHÁTÍÐ Í KÓPAVOGI

15/2
Foreldramorgunn í
Gerðarsafni



4/2 14:00
Unnar Örn rýnir í Venjulega staði

22/2
Svefnvenjur barna
Arna Skúladóttir



19-20/2
VETRARFRÍ Í GRUNNSKÓLUM

29/2
Foreldramorgunn í
Gerðarsafni



29/2 12:15
Hádegisdjass FÍH

29/2
LANGUR FIMMTUDAGUR

1/2 20:30
Af fingrum fram
Guðmundur Pétursson

3/2 20:00
Söngvaskáld
Axel Flóvent

10/2 20:00
Söngvaskáld
Una Torfa

15/2 20:30
Af fingrum fram
Valdimar

16/2 20:00
FLOTT og fyndið

18/2 13:30
Póstkort og svipbrigði

23/2 20:00
Ást fyrir tvo
Katrín Halldóra

25/2 13:30
Sigling (& Stormur)

Hannyrðaklúbburinn Garn og gaman - alla þriðjudaga kl. 10:00-12:00
Lesnæði - alla þriðjudaga kl. 19:30-21:30
Hannyrðaklúbburinn Kaðlín - alla miðvikudaga kl. 14:00-16:00
Bókmenntaklúbburinn Hananú - annan hvern miðvikudag kl. 16:00-17:30
Lesið á milli línanna - fyrsta fimmtudag í mánuði kl. 15:00-16:30
Tala og spila: íslenska sem annað mál - alla laugardaga kl. 11:00-12:30
Lesið fyrir hunda - fyrsta laugardag í mánuði kl. 11:30-12:30